



Reykjavík, 12. maí 2011

Úrskurður aganefndar vegna skýrslu dags. 5. maí 2011

Aganefnd KLÍ fundaði miðvikudaginn 11. maí 2011 vegna kæru keiludeildar ÍR á hendur KFR-Lærlingum varðandi notkun á meintum ólöglegum kúlum þriggja leikmanna liðsins í úrslitakeppni Íslandsmóts liða í 1. deild karla í keilu. Aganefnd leitaði lögfræðialits hjá Ólafi Páli Vignissyni, sem sat fundinn.

Eftir að hafa fjallað um málið getur aganefnd ekki fundið nein ákvæði í reglugerðum KLÍ né í almennum reglum WTBA sem kveða á um refsingu í þessu máli eða sambærilegum atvikum. Einungis er tekið á máli af þessum toga hjá WTBA í reglugerð um Heimsmeistarakeppni en þar eru allar kúlur mældar fyrir mót. Varðandi eftirlit með löglegum kúlum er í reglugerðum KLÍ eingöngu tekið fram í reglugerð um Íslandsmet að tækninefnd skuli taka kúlu(r) til varðveislu að loknum leik og láta athuga hvort hún/þær uppfylli reglur FIQ/WTBA, en ekki tekið á afleiðingunum þess ef kúla/kúlur uppfylla ekki reglur.

Ekki hefur verið sýnt fram á annað en leikmenn hafi verið í góðri trú að vigtun sú sem fram fór að borun lokinni hafi verið rétt framkvæmd. En þær mælingar sýndu fram á að kúlurnar voru innan þeirra marka sem WTBA heimilar í reglu 11.13.

Þar sem mælingar þær sem framkvæmdar hafa verið stangast á leggjum við til að kúlurnar verði mældar aftur. Jafnframt verði tryggt að vigt og mæling uppfylli allar reglur þar um. Komi í ljós við þá mælingu að kúlurnar séu yfir leyfilegum mörkum er það þó mat aganefndar miðað við gildandi reglugerðir KLÍ að úrslit í viðureign ÍR-KLS og KFR-Lærlinga skuli standa og viðkomandi leikmönnum verði ekki gerð refsing.

Aganefnd leggur jafnframt til við stjórn KLÍ að settar verði reglur um viðurlög við notkun ólöglegra kúla, komi í ljós að notast sé við ólöglegar kúlur í keppni og hvenær og hver á að framkvæma þær mælingar. Einnig verði skoðað hvort og hvenær hafa á reglubundið eftirlit með kúlum keppenda og hver á að hafa umsjón með því.

Þórir Ingvarsson, formaður aganefndar
Bragi Már Bragason
Sigríður Klemensdóttir